

Andreas Dörnbrack<sup>1</sup>, Reinhold Busen<sup>1</sup>, Stefan Rahm<sup>1</sup>, Oliver Reitebuch<sup>1</sup>, R. Simmet<sup>1</sup>, Martin Weissmann<sup>2</sup> og Haraldur Ólafsson<sup>3</sup>

- 1) DLR, München, Þýskalandi
- 2) Háskólanum í Innsbruck og DLR
- 3) Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands

## Vindstrengir milli Íslands og Grænlands

Flogið var um Grænlandshaf með ljós nema sem mælir vindasvið. Kortlagðir voru vindstrengir sem upptök sín eiga við Grænland. Í ljós kom allmikill strengur sem ekki kom fram í daglegri greiningu Evrópsku veðurstofunnar. Syðsti strengurinn sem mældur var stendur af Hvarfi og er vindur í honum ekki fjarri því að vera þrýstivindur. Töluvert norðar er annar strengur sem er samsíða þeim fyrri. Í þeim streng er vindur ekki í þrýstivindur fyrir en komið er töluvert langt frá Grænlandi. Báðir strengirnir virðast eiga rætur að rekja til loftstíflu og að því er virðist að einhverju leyti til niðurstreymis af Grænlandsjökli.